



RES ORKUSKÓLI REKSTRARSTAÐA – FRAMTÍÐARSÝN

OKTÓBER 2010

EFNISYFIRLIT

NIÐURSTÖÐUR OG ÁBENDINGAR	3
VIÐBRÖGD VIÐ ÁBENDINGUM.....	5
Svör RES Orkuskóla	5
Svör mennta- og menningarmálaráðuneytis	6
1 INNGANGUR	7
2 STARFSEMI RES ORKUSKÓLA	8
2.1 Tilurð, tilgangur, staða og áform um rekstur	8
2.2 Kennsla og nemendur	10
2.3 Gæðamál	11
2.4 Fjárstuðningur ríkisins	12
2.5 Tengsl orkuskólans við innlenda háskóla	13
3 FJÁRHAGSSTAÐA RES ORKUSKÓLA.....	17
3.1 Rekstrarafkoma 2006–10.....	17
3.2 Rekstraráætlun 2010–14.....	19
4 FRAMTÍÐ RES ORKUSKÓLA.....	23

NIÐURSTÖÐUR OG ÁBENDINGAR

RES Orkuskóli á Akureyri er alþjóðlegur vettvangur fyrir framhaldsnám og rannsóknir á sviði endurnýjanlegra orkufræða. Við stofnun hans vorið 2007 var stefnt að því að hann yrði að stærstum hluta í eigu einkaaðila og fjármagnaði rekstur sinn aðallega með skólagjöldum nemenda og öðru sjálfsaflafé. Ljóst er að þessi markmið hafa ekki náðst. Um mitt ár 2010 réðu stofnanir og félög í eigu íslenska ríkisins rúmlega helmingshlut í Orkuvörðum ehf., sem eiga og reka skólann, og nam hlutafé þeirra alls 148,4 m.kr. Þá má áætla að 170 m.kr. styrkur ríkisins og ríkisaðila til þróunar og reksturs skólans á árunum 2006–10 nemi tæpum helmingi allra heildartekna hans á þessu tímabili. Þetta er lítið eitt lægra en hlutfall ríkisframlaga af heildartekjum íslenskra þekkingarsetra árið 2009. Ekki voru gerðir samningar um fjárstuðning ríkisins við RES Orkuskóla.

Þrátt fyrir ýmiss konar ríkisstuðning er fjárhagslegur grundvöllur RES Orkuskóla afar veikur og hlýtur að ríkja veruleg óvissa um rekstrarhæfi hans. Að öllu óbreyttu má jafnvel telja líklegt að hann stefni í þrot á næstu mánuðum. Samanlagt tap Orkuvarða á árunum 2006–10 mun væntanlega nema um 264 m.kr., þ.e. að jafnaði um 53 m.kr. á ári. Þá gætu heildarskuldir félagsins orðið um 100 m.kr. í lok tímabilsins. Jafnframt má áætla að eiginfjárstaða þess, þ.e. heildareignir að frádregnum skuldum, verði neikvæð um 55 m.kr. í árslok 2010. Ekki bætir úr skák að á sama tíma fellur niður styrkveiting Þróunarsjóðs EFTA sem runnið hefur til RES Orkuskóla síðustu tvö ár vegna pólskra nemenda sem hafa stundað þar nám. Þessi styrkur hefur ásamt fjárveitingum ríkisins myndað langstærstan hluta rekstrartekna skólans. Ekki er gert ráð fyrir öðrum sambærilegum styrk heldur er treyst á verulega aukin skólagjöld nemenda.

Við fjárhagslegan vanda RES Orkuskóla bætist að faglegir bakhjarlar hans, Háskóli Íslands og Háskólinn á Akureyri, sögðu í byrjun árs 2010 upp samstarfs- og þjónustusamningum sínum við hann með gildistöku frá og með ársbyrjun 2011. Skólarnir bera þá ástæðu fyrir sig að þeir hafi lítinn hag af náminu og að það skilji lítið eftir í landinu. Faglega sé það hins vegar sterkt og áhugavert. Að óbreyttu munu háskólarnir því ekki bera ábyrgð á nýjum nemendum orkuskólans eða veita þeim prófgráðu. Faglegum grundvelli hans er af þeim sökum stefnt í voða þar sem hann er ekki viðurkenndur háskóli og getur hvorki innritað nemendur né brautskráð á eigin vegum.

Ljóst er að erfiðleikar RES Orkuskóla eru þegar farnir að valda núverandi nemendum hans áhyggjum og vandséð er að hann geti að svo stöddu innritað nýja nemendur vegna næsta skólaárs sem hefst í febrúar 2011. Komandi vikur munu því skera úr um hvort hann á í raun og veru framtíðarvon, a.m.k. í núverandi mynd. Slíkt veltur annars vegar á því hvort samningar nást við háskólana um faglega ábyrgð á náminu og braut-

**MARKMIÐ UM
EIGNARHALD OG
FJÁRMÖGNUN Hafa
EKKI NÁÐST**

**FJÁRHAGSLEGUR OG
FAGLEGUR GRUND-
VÖLLUR SKÓLANS ER
VEIKUR**

**VART HÆGT AÐ INNRITA
NÝJA NEMENDUR**

skráningu nemenda og hins vegar á því hvort skólinn nær að tryggja sér nauðsynlegt rekstrarfé. Í því samhengi er lykilatriði hvort aukið hlutfé fæst í Orkuvörður og hvernig mennta- og menningarmálaráðuneyti bregst við ósk félagsins um fjögurra ára samning um þróun og uppbyggingu skólans. Einn og sér myndi sá samningur tryggja honum 210 m.kr. ríkisframlag á árunum 2011–14. Enn er ekki séð fyrir endann á þessum málaleitunum.

ÁBENDING TIL RES ORKUSKÓLA

1. EINKAREKNUM SKÓLUM BER AÐ TRYGGJA EIGIÐ REKSTRARÖRYGGI

Haldi RES Orkuskóli áfram starfsemi sinni í núverandi mynd er rétt að minna á að lögum samkvæmt eiga einkareknir skólar ekki kröfu á framlögum af almannafé. Þeim ber sjálfum að tryggja eigið rekstraröryggi. Eðlilegt er að stjórnendur skólans gæti að þessu þegar þeir ákveða umfang starfseminnar og áherslur.

ÁBENDINGAR TIL MENNTA- OG MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIS

1. SEMJA Á UM FJÁRVEITINGAR RÍKISINS TIL EINKAREKINNA SKÓLA

Ríkisendurskoðun telur að fjárveitingar ríkisins til einkarekinna skóla eigi ævinlega að grundvallast á samningum menntayfirvalda við skólana um það hvernig fénu skuli varið, t.d. í uppbyggingu eða þjónustu, hvernig staðið skuli að eftirliti með nýtingu fjárlins og hvernig hagsmuna ríkisins verði sem best gætt. Áður en slíkir samningar eru gerðir er mikilvægt að gengið hafi verið úr skugga um bæði fjárhagslega og faglega burði skólanna. Þá þarf ávinningur námsins að vera ljós og eftirspurn eftir því næg.

2. TAKA ÞARF SKJÓTA ÁKVÖRÐUN UM FRAMTÍÐ RES ORKUSKÓLA

Ríkisendurskoðun telur að íslenska ríkið eigi einungis um tvennt að velja þegar RES Orkuskóli er annars vegar:

1. Að hætta stuðningi við skólann sem þýddi líklega að starfsemi hans legðist af.
2. Að semja við Orkuvörður um að ríkið yfirtaki RES Orkuskóla og komi starfsemi hans fyrir innan Háskólans á Akureyri og/eða Háskóla Íslands, hugsanlega í samstarfi við aðra innlenda orkuskóla og þau orkufyrirtæki sem eru hluthafar í Orkuvörðum. Slíkt yrði þó að gerast á forsendum háskólanna sjálfra.

Helstu forsendur þessa mats eru erfið fjárhagsstaða Orkuvarða, viðhorf Háskóla Íslands og Háskólans á Akureyri til áframhaldandi samstarfs við RES Orkuskóla, krafa stjórnvalda um aðhald í ríkisrekstri og opinber stefna bæði menntayfirvalda og Vísinda- og tækniráðs um aukna samvinnu og sameiningu háskóla.

Vegna alvarlegra óvissuþátta í rekstri RES Orkuskóla er vart hægt að mæla með því að samið verði við hann um takmarkaðan stuðning í eitt ár enn eða að gerður verði langtímasamningur við hann um áframhaldandi þróun, uppbyggingu og nemendaígildi. Mikilvægt er að ákvarðanir verði teknar eins fljótt og kostur er til að eyða þeirri óvissu sem skólinn stendur frammi fyrir.

VIÐBRÖGÐ VIÐ ÁBENDINGUM

SVÖR RES ORKUSKÓLA

„Megin athugasemd RES Orkuscola við ábendingum Ríkisendurskoðunar er sú að ríkið eigi aðeins um tvennt að velja þegar framtíð RES Orkusólans er annars vegar: Hið fyrra er að hætta stuðningi sínum við skólann. Hins vegar er sú leið að ríkið yfirtaki RES og komi starfsemi hans fyrir innan ríkisháskólanna HA og/eða HÍ. Kostnaður við þá aðgerð er ekki tilgreindur í skýrslunni, en hann yrði umtalsverður.

Einhverra hluta vegna bendir Ríkisendurskoðun ekki á þriðju leiðina og þá sem að dómi RES Orkusólans er sú eina sem viðheldur faglegum grundvelli hans. Hún felst í því, líkt og Ríkisendurskoðun bendir á, að Orkuvörður ehf. og ráðuneytið gangi frá fjögurra ára samningi um þróun og uppbyggingu skólans, ásamt því að hlutfé verði aukið. Kostnaður ríkisins við þá leið er tilgreindur í skýrslunni.

Undir það sjónarmið er tekið að einkareknir skólar eiga ekki lagalega kröfu á almannafé. Stjórnendum þeirra skóla, líkt og opinberra háskóla, ber að ákveða umfang starfseminnar og stuðla að eigin rekstraröryggi.

Það er einmitt vegna þessa sjónarmiðs – til að tryggja rekstraröryggi RES – sem stjórnendur leita allra leiða til að byggja undir reksturinn á bernskuárum skólans. Það byggir annars vegar á að sníða rekstrinum stakk eftir vexti en einnig að leita til eigenda skólans og annarra þeirra sem hafa hagsmuni af rekstri hans, eftir fjármunum. Það hefur verið gert.

Við teljum að íslenskt samfélag og ríkisvaldið hafi hagsmuni af því að hlúa að þeim nýgræðingi sem RES er. Eðli málsins samkvæmt er slíkt einungis tímabundin ráðstöfun. Á þessu viðurkennda sjónarmiði byggir til að mynda almannastuðningur við nýsköpunarstarf og stuðningur við verkefni í hinum dreifðari byggðum landsins.

Önnur rök – en þó mikilvægari, hníga að almannastuðningi við uppbyggingu menntunar, óháð því hvert rekstrarformið er. Á þeim byggir til að mynda reglubundinn stuðningur ríkisvaldsins við hinn einkarekna Háskóla í Reykjavík og við hinn ríkisrekna Háskóla Íslands.

Almennt standa stjórnendur RES í þeirri trú að stjórnvöld semji við skólann um tímabundinn stuðning, annað hvort beint eða í gegnum háskólana. Sú trú byggir meðal annars á þeirri staðreynd að á grundvelli tillögu menntamálaráðuneytisins

ákvað Alþingi í fjárlögum ársins 2010 að veita 30 m.kr. framlag „til samnings er fyrirhugað er að gera við RES Orkuskóla með aðild Háskólans á Akureyri og Háskóla Íslands sem hafa með höndum faglega stjórnun námsins.“

Gera verður ráð fyrir að sá stuðningur sem Alþingi hefur lagt skólanum til, sé byggður á ofangreindum rökum um almannahagsmuni, en ekki sérhagsmunum fyrirtækis í einkarekstri.“

SVÖR MENNTA- OG MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIS

„1. RÁÐUNEYTIÐ ER SAMMÁLA ÞVÍ AÐ VANDA ÞURFI TIL SAMNINGA VIÐ EINKAREKNA SKÓLA

Þann 11. júlí 2007 fór RES Orkuskóli fram á samning við menntamálaráðuneytið sem tryggði skólanum árlega fjárveitingu. Ráðuneytið tilkynnti skólanum þann 16. ágúst 2007 að það hygðist ekki gera við hann sjálfstæðan kennslu- eða rannsóknarsamning og að öll samskipti um fagleg eða fjárhagsleg málefni hans yrðu við Háskólann á Akureyri. Eigi að síður fékk skólinn bein framlög á fjárlögum fyrir tilstilli annarra árin 2007 og 2009, 60 m.kr. hvort ár. Við 2. umræðu fjárlaga 2010 var veitt 30 m.kr. framlag til fyrirhugaðs samnings við RES Orkuskóla, með aðkomu Háskólans á Akureyri og Háskóla Íslands, að tillögu ráðuneytisins. Skyldi hluta fjárens varið í úttekt á starfi skólans, enda taldi ráðuneytið nauðsynlegt að vanda samninginn. Undirbúningur úttektar hófst í ársbyrjun 2010 með því meðal annars að kalla eftir gögnum frá skólanum. Um miðjan apríl óskaði mennta- og menningarmálaráðuneytið formlega eftir því að Ríkisendurskoðun gerði úttektina þar sem erfiðlega gekk að fá fullnægjandi upplýsingar frá skólanum og ráðuneytið hefur ekki sömu lagaheimildir og Ríkisendurskoðun til að kalla eftir gögnum. Ráðuneytið vænti þess að niðurstaða úttektar leiddi í ljós hvort skólinn uppfyllti þær faglegu og fjárhagslegu kröfur sem það telur vera forsendur fyrir farsælu samstarfi um samning með aðkomu Háskólans á Akureyri og Háskóla Íslands.

2. TAKA ÞARF SKJÓTA ÁKVÖRÐUN UM FRAMTÍÐ RES ORKUSKÓLA

Ráðuneytið er sammála því mati Ríkisendurskoðunar að fjárhagslegur grundvöllur RES Orkuskóla sé afar veikur og að það þurfi að taka skjóta ákvörðun um framtíð skólans, enda líklegt að hann stefni að óbreyttu í þrot. RES Orkuskóli er í eigu einkahlutafélagsins Orkuvarða ehf. Það er hlutverk eigenda félagsins að taka formlega ákvörðun um framtíð skólans en ekki ráðuneytisins. Ríkisendurskoðun mælir ekki með því að ríkið geri samning við skólann og er ráðuneytið því sammála. Ráðuneytið mun ekki leggja til að skólinn verði studdur áfram. Háskóli Íslands og Háskólinn á Akureyri bera samkvæmt samningum við RES Orkuskóla ábyrgð á gæðum náms í orkuskólanum og brautskrá nemendurna. Háskólarnir hafa ítrekaði lýst því yfir að þeir munu standa við þetta og brautskrá þá nemendur sem nú stunda þar nám. Næsta brautskráning er áformuð vorið 2011. Ráðuneytið mun beita sér fyrir því að íslensk stjórnvöld aðstoði háskólana við þá fjármögnun sem þarf til að ljúka verkinu.“

1 INNGANGUR

Um miðjan apríl 2010 óskaði mennta- og menningarmálaráðuneyti eftir því að Ríkisendurskoðun gerði sérstaka úttekt á RES Orkuskóla sem hefur verið starfræktur á Akureyri frá árinu 2007. Ríkisendurskoðun ákvað að verða við beiðninni, enda ráða stofnanir og fyrirtæki í eigu íslenska ríkisins nú rúmlega helmingshlut í einkahlutafélaginu Orkuvörðum sem á og rekur orkuskólann.¹ Þá nemur styrkur ríkisins og ríkisaðila um helmingi af rekstrarfé skólans frá upphafi. Um heimild Ríkisendurskoðunar til úttekta af þessu tagi og aðgang að gögnum skal vísað í lög um stofnunina nr. 86/1997, einkum 7. gr.

Úttekt Ríkisendurskoðunar hófst með forkönnun um miðjan júní og var ákveðið í lok ágúst að ljúka henni með opinberri skýrslu. Í samræmi við heimildir Ríkisendurskoðunar og fyrirbyggjandi gögn var lögð megináhersla á að kanna fjárhagsleg samskipti íslenskra stjórnvalda og ríkisstofnana við RES Orkuskóla, rekstrargrundvöll hans og að lokum samninga hans við Háskólann á Akureyri og Háskóla Íslands sem hafa verið faglegir bakhjarlar skólans. Ekki var leitast við að meta á sjálfstæðan hátt faglega þætti starfseminnar eða hugsanlegan árangur hennar eða ávinning. Viðhorf háskólanna tveggja til þessara atriða eru þó rakin í stuttu máli, jafnframt því sem vísað er í viðhorfskönnun meðal nemenda og niðurstöður erlendra aðila á vegum Þróunarsjóðs EFTA.

Við vinnslu úttektarinnar aflaði Ríkisendurskoðun sér ýmiss konar gagna og upplýsinga, m.a. frá RES Orkuskóla, mennta- og menningarmálaráðuneyti, Háskóla Íslands og Háskólanum á Akureyri. Þá leitaði stofnunin staðfestingar á fjárhagslegum samskiptum orkuskólans við þá ríkisaðila sem eru hluthafar í Orkuvörðum, m.a. um það hvort þeir hafi veitt honum styrki eða önnur framlög sem meta má til fjár á árunum 2006–10.

Óskað var eftir umsögn mennta- og menningarmálaráðuneytis, RES Orkuskóla, Háskólans á Akureyri og Háskóla Íslands við drög að þessari skýrslu. Jafnframt var ráðuneytinu og RES Orkuskóla boðið að bregðast við ábendingunum sem þar voru settar fram. Öllum þessum aðilum er þakkað gott samstarf.

**RÁÐUNEYTIÐ ÓSKAÐI
EFTIR ÚTTEKT**

**MEGINÁHERSLA Á
FJÁRHAGSLEG SAM-
SKIPTI RÍKISINS OG
SKÓLANS**

¹ Þess ber að geta að orðið „Orkuvörður“ er kvenkynsorð í fleirtölu og beygist svo: Orkuvörður, Orkuvörður, Orkuvörðum, Orkuvarða.

2 STARFSEMI RES ORKUSKÓLA

2.1 TILURÐ, TILGANGUR, STAÐA OG ÁFORM UM REKSTUR

MARKMIÐIÐ AÐ NÝTA
SÉRÞEKkingu OG
REYNSLU ÍSLENDINGA

RES Orkuskóli – *The School for Renewable Energy Science* tók formlega til starfa á Akureyri 9. maí 2007 og skilgreinir sig sem einkarekna mennta- og vísindastofnun á sviði endurnýjanlegra orkugjafa. Meginmarkmið skólans er að nýta sérþekkingu og reynslu Íslendinga á þessu sviði í alþjóðlegu samhengi, einkum með kennslu erlendra nemenda. Stærstan þátt í tilurð hans áttu þróunarfélagið Þekkingarvörður ehf., Háskólinn á Akureyri og Vaxtarsamningur Eyjafjarðar. Um eign og rekstur skólans var stofnað sérstakt einkahlutafélag 20. apríl 2006, Orkuvörður, sem skyldi starfa í þágu almannaheilla og ráðstafa hagnaði sínum í þágu skólans. Í ársreikningum félagsins er tilgangur þess skilgreindur enn nánar, þ.e. „að auka samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs m.a. með því að efla og auka menntun, rannsóknir og nýsköpun á háskólastigi sem nýtist atvinnulífinu. Í þeim tilgangi mun félagið reka háskóla og aðra þá starfsemi sem þjónað getur þessu hlutverki“.

STEFNT AÐ FÉLAGI Í
EIGU EINKAADILA

Í bréfi sem framkvæmdastjóri Þekkingarvarða og rektor Háskólans á Akureyri sendu menntamálaráðherra 18. apríl 2006 var lýst tillögum þessara aðila um aðkomu ríkisins að RES Orkuskóla. Þess var farið á leit að Háskólanum á Akureyri yrði heimilað að gerast hluthafi í Orkuvörðum og ganga til samninga við félagið um þjónustu, aðstöðu, faglega ábyrgð á kennslu og brautskráningu nemenda. Jafnframt var óskað eftir því að hugað yrði að mótframlagi ríkisins til skólans í tengslum við væntanlega afgreiðslu Þróunarsjóðs EFTA (*EEA Financial Mechanism Grants*) á umsóknum skólans í hann. Að öðrum fjárhagslegum stuðningi ríkisins var ekki vikið. Þó var tekið sérstaklega fram að ekki yrði leitað eftir því að ríkisvaldið legði Orkuvörðum annað stofnhlutafé en það sem Háskólinn á Akureyri fengi í stað þeirrar vinnu sem starfsmenn háskólans hefðu þegar lagt í undirbúning félagsins. Félagið yrði „að stærstu leyti í eigu einkaaðila auk Akureyrarbæjar og Háskólans á Akureyri“. Jafnframt var áætlað að reksturinn yrði „tryggður með styrkfé fyrstu fimm árin, m.a. frá alþjóðlegum sjóðum“.

NAUT VELVILDAR
STJÓRNVALDA

RES Orkuskóli naut strax í upphafi velvildar íslenskra stjórnvalda, enda féllu áætlanir hans og markmið vel að hugmyndum þeirra um landvinninga Íslendinga erlendis á sviði þekkingar. Auk þess var hann talinn styrkja háskólasamfélagið á Akureyri og gera það alþjóðlegra. Háskólanum á Akureyri var heimiluð bæði fjárhagsleg og fagleg aðkoma að skólanum og var 13 m.kr. af undirbúningskostnaði háskólans breytt í hlutafé í Þekkingarvörðum sem er stærsti einstaki hluthafi í Orkuvörðum. Á opunarháttíð orkuskólans, 9. maí 2007, var einnig tilkynnt að ríkisstjórnin hefði ákveðið að veita honum 60 m.kr. framlag sem mótvægi við væntanlegan styrk úr Þróunarsjóði

EFTA sem nýta skyldi til að greiða skólagjöld og annan kostnað um 40 pólskra nemenda við skólann.

Ekki fer milli mála að yfirvöld menntamála ætluðu Háskólanum á Akureyri sem viðurkenndum háskóla visst forystuhlutverk í því kennslu- og rannsóknastarfi sem færi fram innan RES Orkuskóla. Þetta kemur m.a. skýrt fram í samningi menntamálaráðuneytis og Háskólans á Akureyri um kennslu og rannsóknir frá 18. desember 2007. Þar er meðal markmiða skólans tilgreint að hann skuli hafa „forystu um að byggja upp alþjóðlegt framhaldsnám og rannsóknir á sviði endurnýjanlegra orkugjafa í samstarfi við öflug orku- og fjármálafyrirtæki og erlenda háskóla“. Meðal sérstakra áhersluatriða skólans í því sambandi er að skilgreina hvernig hann „tryggir gæði þess náms sem fram fer í Orkuskólanum RES“.

HÁSKÓLANUM Á AKUREYRI ÆTLAÐ FORYSTUHLUTVERK

Sú afstaða ráðuneytisins að Háskólinn á Akureyri hefði forystu um uppbyggingu og gæðapróun orkuskólans kemur einnig vel fram í svarbréfi þess til formanns Orkuvarða frá 16. ágúst 2007. Þar hafnar ráðuneytið beiðni félagsins frá 11. júlí 2007 um að gerður verði sjálfstæður kennslu- og rannsóknarsamningur við RES Orkuskóla sem tryggi honum árlega fjárveitingu fyrir u.þ.b. 30 ársnemendur og minnir um leið á hlutverk Háskólans á Akureyri í samstarfinu.

BEIÐNI UM SJÁLF- STÆÐAN SAMNING HAFNAÐ

Öll samskipti um fagleg eða fjárhagsleg málefni Orkuskóla RES munu fara fram milli ráðuneytis og Háskólans á Akureyri á grundvelli 21. gr. laga nr. 63/2006, sem fjallar um heimild menntamálaráðherra til að gera samninga um fjárframlög til kennslu og rannsókna í háskólum sem hlotið hafa viðurkenningu menntamálaráðuneytis samkvæmt lögum þessum.

Hér vísar ráðuneytið til þeirrar staðreyndar að RES Orkuskóli nýtur ekki viðurkenningar menntamálaráðherra sem háskóli. Sem vettvangur háskólanáms stendur hann og fellur með samningum sínum við aðrar stofnanir sem njóta slíkrar viðurkenningar.

Mál þróuðust samt aldrei á þann veg að Háskólinn á Akureyri gerðist forystuaðili um uppbyggingu og gæðapróun RES Orkuskóla þótt hann hafi vissulega veitt skólanum margvíslega þjónustu allt til þessa. Strax haustið 2007 leitaði hann samstarfs við Háskóla Íslands um faglega þætti kennslunnar. Ástæða þess var sú að hann nýtur sjálfur ekki viðurkenningar menntamálaráðherra til að útskrifa meistaranema á fræðasviði orkuskólans (verkfræði) en slík viðurkenning var forsenda styrkveitingar Próunarsjóðs EFTA. Við hrun íslensks fjármálakerfis haustið 2008 og þann samdrátt sem þá varð í ríkisrekstri tilkynnti ráðuneytið Háskólanum á Akureyri einnig að framkvæmd áður nefnds samnings við háskólann um kennslu og rannsóknir yrði frestað um óákveðinn tíma. Þeir auknu fjármunir (um 300 m.kr.) sem skólinn átti að fá á árunum 2009–11 samkvæmt samningnum skiluðu sér því ekki. Þvert á móti var gripið til niðurskurðar sem m.a. leiddi til þess að Háskólinn á Akureyri ákvað haustið 2010 að innrita ekki fyrsta árs nema í eigið grunnnám (B.Sc.) í umhverfis- og orkufræði.

HÁSKÓLINN Á AKUR- EYRI HEFUR HAFT MINNA VÆGI EN RÁÐGERT VAR

Það dregur einnig úr vægi Háskólans á Akureyri að RES Orkuskóli hefur verið byggður upp og rekinn sem sjálfstæð stofnun á fjárhagslega ábyrgð eigenda sinna, með eigið

starfsfólk (m.a. rektor og framkvæmdastjóra), fjárhags- og nemendabókhald og heimasíðu. Þá fer starfsemin að mestu leyti fram í sérhúsnæði sem Orkuvörður leigir af Háskólanum á Akureyri og er kennsla að stærstum hluta sinnt af aðfengnum kennurum sem hafa lítil eða engin samskipti við háskólann. Samnýting námskeiða er engin og hefur nemendum Háskólans á Akureyri raunar ekki staðið til boða að sækja námskeið orkuskólans nema gegn greiðslu. Á hinn bóginn er fimm nemendum Háskóla Íslands heimilað að sækja endurgjaldslaust námskeið við orkuskólann og hafa einhverjir nýtt sér það.

2.2 KENNSLA OG NEMENDUR

RES Orkuskóli hóf kennslu í byrjun febrúar 2008 og starfrækir nú fjórar námsbrautir á eins árs, þriggja anna (90 ECTS) rannsóknartengdu meistarastigi (M.Sc.): Jarðhitabraut, vatnsaflsbraut, efnarafala- og vetnisbraut og braut um orkukerfi og orkustjórnun. Stefnt hefur verið að því að starfrækja þrjár brautir til viðbótar: Um vistvænt eldsneyti og lífmassaorku, sólarorku og vind-, öldu- og sjávarfallaorku. Hvert skólaár hefst í byrjun febrúar og lýkur ári síðar. Námið er á sviði verkfræði og er lögð áhersla á bæði hagnýta og tæknilega þætti. Við inntöku nemenda er krafist góðrar undirstöðu (B.Sc. prófs) í verkfræði og/eða raungreinum, auk hagfræði.

Öll kennsla fer fram á ensku enda eru erlendir stúdentar uppistaða nemenda. Eins og tafla 2.1 sýnir hafa nemendur verið á bilinu 31–46 fyrstu þrjú skólaárin, þ.e. talsvert færri en upphaflegar áætlanir gerðu ráð fyrir. Þar var miðað við 50–80 nemendur á ári. Nær allir skráðir nemendur hafa á hinn bóginn lokið námi: 30 í febrúar 2009 og 35 í febrúar 2010. Háskólinn á Akureyri og Háskóli Íslands hafa sameiginlega borið ábyrgð á brautskráningu þeirra.

ERLENDIR STÚDENTAR UPPISTAÐA NEMENDA

2.1 Fjöldi nemenda og upprunaland				
	2008–09	2009–10	2010–11	ALLS
PÓLLAND	16	14	27	57
BANDARÍKIN	2	9	7	18
SLÓVAKÍA	3	2	1	6
ÍSLAND		3	3	6
UNGVERJALAND	3	2		5
SLÓVENÍA	2	1	1	4
EISTLAND	1	1	1	3
PÝSKALAND	1		1	2
MEXÍKÓ		2		2
KANADA			2	2
RÚSSLAND / ÍSLAND	1			1
TÉKKLAND	1			1
PORTÚGAL	1			1
FINNLAND		1		1
RÚSSLAND		1		1
KASAKSTAN		1		1
CHILE		1		1
MALASÍA			1	1
SPÁNN			1	1
FRAKKLAND / SÓMALÍA			1	1
SAMTALS	31	38	46	115

Eins og tafla 2.1 sýnir hefur um helmingur nemenda RES Orkuskóla komið frá Póllandi. Næstflestir eru bandarískir. Einungis sex Íslendingar hafa stundað nám við skólann frá upphafi. Ástæða þess hve margir nemendur hafa komið frá Póllandi er verkefnasamningur RES Orkuskóla, Háskólans á Akureyri og Tækniháskólans í Varsjá fyrir hönd fimm pólskra tækniháskóla um framhaldsnám á háskólastigi, verklega þjálfun og rannsóknir á sviði endurnýjanlegrar orku. Í samningnum, sem undirritaður var 30. júní 2009, felst að nýta skal styrk Þróunarsjóðs EFTA til pólsku háskólanna til að greiða skólagjöld, ferðakostnað og uppihald 40 pólskra verkfræðinema við orkuskólann skólaárin 2009–10 og 2010–11, 13 nemenda fyrra árið og 27 hið seinna. Styrkurinn skal standa straum af 60% af heildarkostnaði við hvern nemanda. RES Orkuskóli og Háskólinn á Akureyri bera ábyrgð á þeim kostnaði sem á vantar.

SAMNINGUR UM KENNSLU 40 PÓLSKRA NEMENDA

Auk erlendra nemenda orkuskólans kemur stór hluti kennara hans erlendis frá. Af 65 kennurum skólaárið 2010–11 eru 35 erlendir en 30 íslenskir. Algengast er að erlendu gistikennararnir dvelji hér á landi í nokkrar vikur í senn enda er hvert námskeið kennt í eins til þriggja vikna lotum. Nokkur hluti fastra starfsmanna er einnig erlendur. Brautarstjórar eru á hinn bóginn íslenskir og sömuleiðis kenna við skólann allmargir starfsmenn Háskóla Íslands, Háskólans á Akureyri og annarra ríkisrekinnar mennta- og rannsóknastofnana, m.a. Íslenskra orkurannsóknna. Lokaverkefni nemenda hafa ýmist tengst almennum, erlendum eða íslenskum viðfangsefnum og hefur um það bil helmingur þeirra verið unninn að hluta til eða öllu leyti við erlendar stofnanir. Önnur hafa verið unnin á Akureyri eða í Reykjavík.

STÓR HLUTI KENNARA KEMUR ERLENDIS FRÁ

2.3 GÆÐAMÁL

Eins og fram kom í inngangi þessarar skýrslu hugaði Ríkisendurskoðun ekki á sjálfstæðan hátt að gæðamálum RES Orkuskóla í úttekt sinni. Rétt þykir þó að geta þeirra athugana sem gerðar hafa verið á slíkum þáttum. Þar hafa komið fram bæði jákvæð og neikvæð sjónarmið sem stangast að nokkru leyti á en kunna að eiga sér eðlilegar skýringar, svo sem í þróun skólastarfs eða samsetningu nemendahópa. Af þeim sökum er erfitt að draga víðtækar ályktanir af þeim og mun Ríkisendurskoðun ekki gera það í þessari skýrslu.

Í lok september 2009 leituðu gæðastjóri og forstöðumaður kennslusviðs Háskólans á Akureyri álit sex þáverandi nemenda RES Orkuskóla á náminu, m.a. aðstöðu, kennurum, gæðum kennslunnar, verkefnavinnu og framkvæmd prófa. Viðhorf nemenda voru nokkuð breytileg eftir því að hvaða þáttum var vikið. Almennt voru þeir mjög ánægðir með alla aðstöðu, svo sem húsnæði og búnað, og sömuleiðis sögðu þeir samskipti sín við starfsfólk jákvæð þótt kvartanir bæru ekki alltaf árangur. Nemendurnir höfðu hins vegar ýmislegt við kennslu og kennsluhætti skólans að athuga. Meðal annars kvörtuðu þeir yfir því að námið væri á lægra stigi en þeir höfðu búist við. Það væri ekki eins tæknilegt og gefið hefði verið upp, margir gistikennaranna þekktu ekki nægilega vel aðstæður við skólann og hefðu ekki lag á að miðla efninu. Einnig söknuðu þeir þess að komast ekki enn nær íslenskum sérfræðingum á sviði orkufræða. Þá tækju sumir samnemenda þeirra námið ekki mjög alvarlega og kæmust upp með óeðlileg vinnubrögð, jafnvel ritstuld.

VIÐHORF TIL GÆÐA- MÁLA BREYTILEG

Niðurstöður erlendra úttektaraðila á vegum Þróunarsjóðs EFTA frá árinu 2010 eru með talsvert öðrum hætti. Þar er að vísu tekið undir áður nefnt mat fyrrum nemenda að allar aðstæður til náms séu með ágætum og að stjórnkerfi skólans virki sem skyldi. Af viðtölum við núverandi nemendur megi einnig ráða að skipulag náms, inntak náms-efnis og framsetning þess sé eins og best verði á kosið og að almennt séu nemendur mjög ánægðir með þessa þætti. Þá sé hlutfall brautskráðra nemenda af skráðum nemendum mjög hátt. Þegar á heildina er litið töldu þessir úttektaraðilar því að meginmarkmið samstarfsverkefnis RES Orkuskóla og pólsku háskólanna fimm hefðu náðst og að Þróunarsjóður EFTA þyrfti ekki að grípa til neinna aðgerða vegna útborgana umsamins styrks. Talsmenn Háskóla Íslands og Háskólans á Akureyri hafa í grundvallaratriðum lýst sömu skoðun og hér er greint frá, þ.e. þeir telja orkuskólann faglega sterkan.

2.4 FJÁRSTUÐNINGUR RÍKISINS

Um RES Orkuskóla gildir hið sama og um aðra einkarekna skóla hér á landi að lögum samkvæmt eru stjórnvöld ekki skuldbundin til að veita þeim framlög eða styrki af almannafé nema samið hafi verið sérstaklega við þá um tiltekna þjónustu. Skólunum ber sjálfum að tryggja eigið rekstraröryggi og standa skil á fjárhagslegum skuldbindingum sínum.

Eins og fram hefur komið var við stofnun RES Orkuskóla stefnt að því að hann yrði að stærstum hluta í eigu einkaaðila. Ljóst er að það markmið hefur ekki náð fram að ganga. Um mitt ár 2010 réðu stofnanir og félag í eigu íslenska ríkisins rúmlega helmingshlut (52,8%) í Orkuvörðum, sem eiga og reka skólann, og höfðu greitt alls 148,4 m.kr. fyrir hlutafé sitt. Stærstir opinberra hluthafa eru Landsvirkjun (14,2%), Háskólinn á Akureyri (10,7%), Háskóli Íslands (10,7%), Rarik (8,5%) og Landsbankinn (7,1%) sem var að vísu í einkaeigu þegar stofnfé var keypt. Þá eru iðnaðarráðuneyti og Nýsköpunarmiðstöð Íslands skráð fyrir litlum hlutum sem væntanlega má líta á sem táknrænan stuðning við nýsköpunarstarf skólans. Meðal annarra stórra hluthafa eru Akureyrarbær (13,7%), KEA (12,2%), Norðurorka (7,1%) og Gift fjárfestingarfélag (7,1%). Að skól-
anum standa því sterkir aðilar, m.a. orkufyrirtæki, háskólar og fjármálastofnanir.

Í upphafi var einnig ráðgert að RES Orkuskóli fjármagnaði rekstur sinn aðallega með skólagjöldum nemenda og öðru sjálfsaflafé. Alþingi hefur engu að síður stutt skólann með 150 m.kr. fjárveitingu:

- Árið 2008 veitti Alþingi RES Orkuskóla 60 m.kr. í fjárukalögum 2007 „til þróunar háskólanáms á landsbyggðinni“. Eins og áður hefur komið fram hafði ríkisstjórnin frumkvæði að þessari fjárveitingu sem hugsuð var sem mótframlag ríkisins vegna væntanlegs styrks úr Þróunarsjóði EFTA.
- Árið 2009 fékk Háskólinn á Akureyri tímabundið 25 m.kr. framlag í fjárlögum „til að styrkja núverandi rekstrargrunn vegna RES-Orkuskóla“. Þetta fé var veitt að tillögu fjárlaganefndar Alþingis og rann beint til orkuskólans.

- Árið 2009 fékk RES Orkuskóli að tillögu fjármálaráðuneytis aukið 35 m.kr. framlag í fjárlögum þess árs: „Með framlaginu fæst sama upphæð og fékkst á fjárlögum 2008 eða samtals 60 m.kr.“
- Árið 2010 ákvað Alþingi að tillögu menntamálaráðuneytis að veita 30 m.kr. framlag í fjárlögum þess árs „til samnings sem fyrirhugað er að gera við RES orkuskóla með aðild Háskólans á Akureyri og Háskóla Íslands sem hafa með höndum faglega stjórnun námsins. Gert er ráð fyrir að hluta framlagsins verði varið til þess að gera úttekt á starfsemi RES orkuskóla“.

Auk þessara framlaga Alþingis ákvað Landsvirkjun að veita RES Orkuskóla árlegan 10 m.kr. styrk árin 2009 og 2010 samkvæmt sérstöku samstarfssamningi þessara aðila frá 10. mars 2009 um uppbyggingu skólans, einkum á sviði vatnsorkufræða. Fé þetta skal standa straum af skólagjöldum fimm nemenda á vatnsorkubraut skólans. Alls nema bein og óbein framlög íslenska ríkisins til RES Orkuskóla því 170 m.kr.² Þá er ótalin alls 6 m.kr. styrkur sem undirbúningsfélag Orkuvarða og einn hluthafi þeirra, Þekkingarvörður, fékk úr Orkusjóði á árunum 2006 og 2007 til „uppbyggingar alþjóðasamvinnu vegna skóla endurnýjanlegra orkugjafa“ og að lokum styrkur úr Tækjasjóði Rannís sem notaður var til kaupa á rannsóknartækjum.

Engir eiginlegir samningar voru gerðir vegna framlaga Alþingis til RES Orkuskóla, svo sem um það hvernig þeim skyldi nákvæmlega varið eða hvort eitthvert eftirlit skyldi haft með notkun þess. Samningurinn „sem fyrirhugað er að gera við RES orkuskóla með aðild Háskólans á Akureyri og Háskóla Íslands“ hefur ekki heldur litið dagsins ljós. Af þeim sökum er eðlilegt að líta á framlögin sem almennan og óafturkræfan styrk til uppbyggingar skólans og rekstrar óháð nemendafjölda eða árangri starfseminnar. Í þessu sambandi ber raunar að geta þess að mennta- og menningarmálaráðuneyti hefur enn sem komið er hvorki ljáð máls á því að RES Orkuskóli né Háskólinn á Akureyri og Háskóli Íslands fái sérstaka fjárveitingu frá Alþingi vegna árlegra nemenda (nemendaígilda) orkuskólans.

2.5 TENGLS ORKUSKÓLANS VIÐ INNLENDI HÁSKÓLA

Eins og fram hefur komið er RES Orkuskóli ekki viðurkenndur háskóli. Af þeim sökum hefur hann þurft að reiða sig á víðtækt samstarf við Háskólann á Akureyri og Háskóla Íslands um fagleg málefni. Um það samstarf gerðu þessir aðilar sérstakan samning 12. október 2007 til að nýta sem best sérþekkingu, kunnáttu, efnivið og aðstöðu þá sem þeir búa yfir. Samningurinn var gerður til fimm ára en þó gætu aðilar sagt honum upp með árs fyrirvara. Skyldi þá gætt að því að nemendur sem væru í námi á grundvelli samningsins fengju lokið því.

Í samstarfssamningnum kemur fram að hlutverk RES Orkuskóla sé að vera „vettvangur fyrir framhaldsnám og rannsóknir á sviði endurnýjanlegra orkufraða“. Skólanum sé m.a. ætlað að ráða innlenda og erlenda kennara og leiðbeinendur rannsóknaverkefna

² Um miðjan september 2010 hafði RES Orkuskóli hvorki fengið greiddar 10 m.kr. af 30 m.kr. ríkisframlagi þessa árs né 10 m.kr. styrk Landsvirkjunar.

BEIN OG ÓBEIN FRAMLÖG RÍKISINS 170 M.KR.

ENGIR SAMNINGAR GERÐIR VEGNA FRAMLAGA ALÞINGIS

HÁSKÓLI ÍSLANDS OG HÁSKÓLINN Á AKUREYRI BERA ÁBYRGÐ Á FAGLEGU STARFI

með samþykki háskólanna, leggja til aðstöðu til kennslu og rannsókna, eiga aðild að kennslu á sérsviðum sínum og kosta þjálfun og laun við rannsóknaverkefni þeirra meistaranema sem falla innan verkefnaramma skólans hverju sinni. Háskóla Íslands og Háskólanum á Akureyri sé á hinn bóginn ætlað að bera sameiginlega ábyrgð á inntöku nemenda og að veita prófgráðu að námi loknu. Sömuleiðis skuli þeir bera faglega ábyrgð á gæðum kennslu, námsefnis og námsmats og sjá til þess að starfsfólk sem sinnir kennslu og rannsóknum á vegum RES uppfylli akademískar kröfur. Samkvæmt samningnum sér sex manna samstarfsnefnd aðilanna um framkvæmd samningsins og ákvarðana sem tengjast honum. Þá skal sex manna námsstjórn staðfesta inntöku nemenda fyrir hönd Háskóla Íslands og Háskólans á Akureyri og bera faglega ábyrgð á náminu og námsmati.

Auk samstarfssamningsins gerðu háskólarnir hvor um sig í febrúar og maí 2008 þjónustusamning við RES Orkuskóla um tiltekið faglegt og fjárhagslegt samstarf og þá þjónustu sem háskólarnir veita orkuskólanum, m.a. brautarstjórnun, kennslu og þjálfun nemenda, aðgang að gagnasöfnum og rannsóknarstofum. Með þessu átti að tryggja að nemendur og kennarar orkuskólans nytu hliðstæðrar þjónustu og nemendur og kennarar háskólanna, enda skyldi orkuskólinn greiða háskólunum að fullu fyrir veitta þjónustu.

Í þjónustusamningunum er raunar lýst yfir því markmiði að allir aðilar hafi beinan hag af samstarfinu, ekki einungis RES Orkuskóli. Stefnt er að því að öflug háskólastarfsemi orkuskólans verði „mikilvæg lyftistöng“ fyrir Háskólann á Akureyri og að báðum háskólunum skuli veittur aðgangur að erlendum sérfræðingum sem komi til landsins til að kenna við orkuskólann. Þá skuli orkuskólinn benda brautskráðum nemendum sínum á möguleika á doktorsnámi við Háskóla Íslands og bjóða upp á að jafnt innlendir sem erlendir kennarar orkuskólans taki þátt í kennslu og einstökum fyrirlestrum við háskólann. Þjónustusamningur Háskólans á Akureyri og RES Orkuskóla gildir til ársloka 2010 en samningur Háskóla Íslands og RES Orkuskóla til jafnlengdar samstarfssamnings RES Orkuskóla, Háskóla Íslands og Háskólans á Akureyri. Báðir eru samningarnir uppsegjanlegir af hálfu hvors samningsaðila með sex mánaða fyrirvara miðað við 1. janúar og 1. júlí.

Í því skyni að formfesta og efla enn frekar samstarf sitt við RES Orkuskóla gerðist Háskóli Íslands einnig beinn hluthafi í Orkuvörðum í maí 2009. Hlutafjárframlag skólans nam 30 m.kr. og skyldi greiða það annars vegar með hlutafé í Keili ehf. að nafnvirði 20 m.kr. og hins vegar með þjónustu háskólans vegna samstarfsins við orkuskólann að fjárhæð 10 m.kr. Í þessari þjónustu fælist m.a. kennsla, yfirferð prófa, leiga skrifstofuhúsnæðis og ýmiss konar aðstoð.

Með hliðstæðum bréfum frá 9. febrúar 2010 sögðu rektorar beggja háskólanna upp samstarfssamningi sínum við RES Orkuskóla og fellur hann úr gildi 12. febrúar 2011. Jafnframt sagði Háskóli Íslands upp þjónustusamningi sínum við orkuskólann og fellur hann úr gildi á sama tíma og þjónustusamningur RES Orkuskóla og Háskólans á Akureyri, þ.e. 1. janúar 2011. Í uppsagnarbréfum sínum taka rektorarnir fram að skólarnir muni tryggja að nemendur sem hafa hafið nám hjá orkuskólanum fái lokið því. Rektor Háskóla Íslands hefur hins vegar með bréfi 29. júní 2010 hafnað beiðni orkuskólans

MARKMIÐ AÐ ALLIR AÐILAR HAFI HAG AF SAMSTARFINU

HÁSKÓLARNIR HAFA SAGT UPP SAMSTARFI VIÐ RES ORKUSKÓLA

um að framlengja samningana um eitt ár (til febrúar 2012). Í því bréfi tekur hann sérstaklega fram að háskólinn geti ekki ábyrgst nemendur sem teknir verða inn á næsta umsóknartímabili RES Orkuskóla, þ.e. í febrúar 2011.

Í uppsagnarbréfum sínum skýra rektorar háskólanna ástæðu þess að þeir segja upp samstarfs- og þjónustusamningum sínum við RES Orkuskóla eftir tæplega þriggja ára starf með gjörbreyttum aðstæðum skólanna frá og með árinu 2008 og óvissu um þróun mála á næstu árum. Af þeim sökum séu öll mál sem tengjast rekstri þeirra til skoðunar. Í viðtölum Ríkisendurskoðunar við talsmenn háskólanna hefur einnig komið fram að þeir telji skólana hafa haft minni ávinning af samstarfinu en vonir stóðu til. Upphaflega hugmyndin um orkuskólann hafi að vísu verið áhugaverð og fyrirhugað samstarf hans við erlenda háskóla og tengsl við Austur-Evrópu hafi boðið upp á ýmsa möguleika. Þá sé námið faglega sterkt og ágætt samstarf hafi verið um það.

BREYTTAR AÐSTÆÐUR OG ÓVISSA MEGIN- ÁSTÆÐA UPPSAGNAR

Þegar á reyndi hefði samstarfið við RES Orkuskóla hins vegar hvorki komið þeirra eigin nemendum að notum né orðið til að efla þeirra eigin námsbrautir í orku- og auðlindafræðum. Þeir erlendu sérfræðingar sem komið hefðu til landsins til að kenna við orkuskólann hefðu nær ekkert sinnt kennslu eða fyrirlestrahaldi við háskólana, eins og þó var gert ráð fyrir í þjónustusamningunum, né heldur hefði orkuskólinn orðið til að afla Háskóla Íslands erlendra doktorsnema, eins og vonir stóðu upphaflega til. Faglega yrði því lítið eftir í landinu. Að lokum hefði samstarfið orðið skólunum tímafrekt og kostnaðarsamt og þeir ekki fengið greitt sem skyldi fyrir veitta þjónustu. Einkum á þetta við um Háskólann á Akureyri. Í lok september 2010 mun RES Orkuskóli skulda Háskól-
anum á Akureyri rúmlega 17 m.kr. án dráttarvaxta fyrir ógreidda þjónustu sem orkuskólanum ber að greiða fyrir samkvæmt þjónustusamningi. Auk þess skuldar orkuskólinn Félagsstofnun stúdenta á Akureyri 9,6 m.kr. vegna leigu nemendaíbúða. Á tímum aðhalds og sparnaðar sé erfitt að réttlæta þátttöku í slíkum verkefnum.

Ljóst er að uppsögn áðurnefndra samstarfs- og þjónustusamninga hefur sett allt háskólastarf RES Orkuskóla í uppnám, enda er það í einu og öllu háð faglegu samstarfi hans við háskólana tvo. Ekki hafa átt sér stað neinar formlegar viðræður þessara aðila um áframhaldandi samstarf. Háskólinn á Akureyri hefur þó lýst vilja sínum til að taka þátt í gerð nýs samnings við orkuskólann, að því gefnu að unnt verði að tryggja rekstrargrundvöll hans til framtíðar og Háskóli Íslands taki þátt í faglegu samstarfi um kennsluna. Eins væri mögulegt að flytja námsleiðina alfarið yfir til háskólanna.

UPPSÖGN SAMNINGA SETUR STARFSEMI SKÓLANS Í UPPNÁM

Þegar hugað er að slíkum möguleikum ber raunar að hafa í huga áhrif 4. gr. nýsamþykkttra „Verklagsreglna um greiðslur vegna aukastarfa innan Háskóla Íslands sem kostuð eru af öðru fé en opinberum fjárveitingum til Háskóla Íslands“ (frá 3. júní 2010). Grein þessi hljóðar svo:

Háskóli Íslands og einstakar stofnanir hans semja eingöngu við viðurkennda háskóla um að sjá um nám eða námshluta á háskólastigi sem er á faglegri ábyrgð deilda Háskóla Íslands. Slíka samninga er ekki heimilt að framselja til þriðja aðila.

Þar sem RES Orkuskóli er ekki „viðurkenndur háskóli“ heldur í eðli sínu „þriðji aðili“ virðist torvelt að sjá fyrir sér beint samstarf hans við Háskóla Íslands á komandi árum. Taki háskólinn þátt í áframhaldandi samstarfi með RES Orkuskóla á Akureyri – sem þó verður að teljast ólíklegt miðað við viðbrögð hans við óskum talsmanna orkuskólans um framlengingu samstarfs- og þjónustusamninga – hlyti það að byggja á samningum háskólanna tveggja. Talsmenn Háskóla Íslands hafa raunar tekið vel í þá hugmynd að starfa með Háskólanum á Akureyri á sviði endurnýjanlegra orkufræða.

3 FJÁRHAGSSTAÐA RES ORKUSKÓLA

3.1 REKSTRARAFKOMA 2006–10

Ljóst er að upphaflegar áætlanir um að tryggja rekstur RES Orkuskóla fyrstu fimm árin með styrkfé, m.a. frá alþjóðlegum sjóðum, hafa ekki gengið eftir. Miðað við ársreikninga Orkuvarða árin 2006–09 og útkomuspá ársins 2010 verður félagið rekið með alls um 264 m.kr. tapi fyrstu fimm starfsár þess (sbr. töflu 3.1). Mestur var hallinn fyrstu tvö skólaár RES Orkuskóla (2008 og 2009), 93,7 m.kr. fyrra árið og 78,7 hið síðara. Þá stefnir í 46,5 m.kr. halla árið 2010 samkvæmt útkomuspá. Miðað við 8 mánaða uppgjör gæti útkoman þó orðið heldur betri.

ÚTLIT FYRIR 264 M.KR.
TAP FYRSTU FIMM ÁRIN

3.1 Rekstur og efnahagur Orkuvarða ehf. árin 2006–2010 í m.kr.	2006	2007	2008	2009	2010*	ALLS
REKSTRARTEKJUR						
FRAMLÖG SKV. FJÁRL.	0	0	60	60	30	150,0
AÐRIR RÍKISSTYRKIR	0	0	0	10	10	20,0
AÐRAR TEKJ. / STYRKIR	0	5,5	8,5	66,9	108,1	189,0
SAMTALS	0	5,5	68,5	136,9	148,1	359,0
REKSTRARGJÖLD						
REKSTRARKOSTNAÐUR	8,9	41,9	155,9	199,4	182,1	588,2
AFSKRIFTIR	0	0	6,1	7,5	7,5	21,1
FJÁRMAGNSGJÖLD	0	0	0,3	8,7	4,9	13,9
SAMTALS	8,9	41,9	162,3	215,6	194,5	623,2
TAP ÁRSINS	-8,9	-36,5	-93,7	-78,7	-46,5	
UPPSAFNAÐ TAP	-8,9	-45,4	-139,1	-217,8	-264,3	
HEILDARSKULD Í ÁRSLOK	8,4	5,1	21,7	144,1	98,2	
EIGIÐ FÉ Í ÁRSLOK	-8,4	89,6	8,9	-48,6	-54,8	

* BYGGT Á ÚTKOMUSPÁ, 5. SEPT. 2010

Eins og tafla 3.1 sýnir námu bein og óbein framlög ríkisins samtals 170 m.kr. af 359 m.kr. heildartekjum RES Orkuskóla á árunum 2006–10, þ.e. tæpum helmingi (47,4%) allra rekstrartekna hans. Þetta er talsvert hærra en hlutfall ríkisframlaga til sumra einkarekinna háskóla, t.d. Háskólans á Bifröst þar sem það var á bilinu 35,6–36,5% árin 2007–08, en örlítið lægra en hlutfall ríkisframlaga af heildartekjum íslenskra þekkingarsetra árið 2009 (49,8%).³ Ekki verður því sagt að íslenska ríkið hafi gert illa við RES Orkuskóla.

BEIN OG ÓBEIN
RÍKISFRAMLÖG TÆPUR
HELMINGUR TEKNA

³ Sjá ársreikninga Háskólans á Bifröst 2007–08 og *Áfangaskýrslu um þekkingarsetur á Íslandi*. Mennta- og menningarmálaráðuneytið 2010.

Að framlögum ríkisaðila frátöldum vegur langþingst styrkur úr Þróunarsjóði EFTA sem staðið hefur straum af skólagjöldum og upphaldi 40 pólskra stúdenta við skólann á árunum 2009–10. Alls mun styrkurinn nema 763 þúsund evrum (um 118,3 m.kr. miðað við meðalgengi evru árið 2010) og myndar hann því um 33% allra tekna skólans frá upphafi og 41,5% allra tekna árána 2009–10. Nokkur hluti væntra greiðslna vegna þessa árs hefur þó enn ekki verið innheimtur. Aðrar tekjur skólans, þ.m.t. skólagjöld annarra nemenda en pólskra og greiðslur þeirra fyrir gistingu og upphald, nema samtals um 68,2 m.kr., þ.e. um 19% af heildartekjum skólans frá upphafi.

Eðlilegt er að ýmiss konar stofnkostnaður, m.a. vegna markaðssetningar RES Orkuskóla erlendis og kaupa á tækjum og búnaði vegna kennslu og rannsókna, vegi þungt í rekstri ungs félags. Framhjá hinu verður þó ekki litið að miðað við nemendafjölda er kostnaður skólans fremur hár og engan veginn í samræmi við tekjur. Eins og tafla 3.2 sýnir hefur í raun verið 1–3 m.kr. tap af hverjum nemanda fyrstu þrjú skólaárin, mest fyrsta árið en minnst núverandi skólaár. Þessi þróun skýrist aðallega af auknum styrkveitingum til skólans árin 2009–10 vegna pólskra stúdenta.

3.2 Tekjur og gjöld vegna nemenda 2008–10 (í þús.kr.)			
	2008	2009	2010*
FJÖLDI NEMENDA	31	38	46
HEILDARTEKJUR RES	68.540	136.870	148.066
TEKJUR VEGNA HVERS NEMANDA	2.211	3.602	3.219
HEILDARKOSTNAÐUR RES	162.252	215.591	194.541
KOSTNAÐUR VEGNA HVERS NEMANDA	5.234	5.673	4.229
TAP AF HVERJUM NEMANDA	3.023	2.071	1.010
*BYGGT Á ÚTKOMUSPÁ, 5. SEPT. 2010			

Hár kostnaður skólans skýrist einkum af þrennu. Í fyrsta lagi koma langflestir nemendur og kennarar erlendis frá, auk þess sem lokaverkefni eru flest hver unnin við erlendar stofnanir. Af þessu hefur skólinn haft nokkurn kostnað. Í öðru lagi hefur stór hluti skólagjalda nemenda hingað til verið felldur niður í kynningarskyni og innheimtust t.d. engin skólagjöld fyrsta skólaárið. Þá var 60 m.kr. framlag ríkisins eina tekjulind skólans. Í þriðja lagi er þó nokkur stjórnýsla kringum skólann og eru m.a. taldir upp sjö starfsmenn á heimasíðu hans auk brautarstjóra og kennara. Þrír þessara starfsmanna eru í fullu starfi. Það ætti ekki að hafa úrslitaáhrif á tapreksturinn að RES Orkuskóli hefur haft umsjón og milligöngu um leigu nemendaíbúða af Félagsstofnun stúdenta á Akureyri því að nemendum er sjálfum ætlað að greiða skólanum þann kostnað til baka. Skólinn hefur engu að síður niðurgreitt þann kostnað að nokkru leyti.

Vegna viðvarandi hallareksturs Orkuvarða hafa skuldir félagsins aukist verulega undanfarin ár og námu alls 144,1 m.kr. í árslok 2009, þ.e. meira en allar rekstrartekjur félagsins það ár. Eingöngu er um að ræða skammtímaskuldir, að hluta til við lánastofnanir, að hluta til við viðskiptaaðila og að hluta til vegna launa og launatengdra gjalda.

Samkvæmt útkomuspá ársins 2010 er gert ráð fyrir að skuldir félagsins minnki niður í 98,2 m.kr. fyrir árslok.

Eigið fé Orkuvarða hefur ekki aukist í takt við lántökur félagsins. Af þessum sökum var eiginfjárstaða þess, þ.e. heildareignir að frádregnum skuldum, orðin neikvæð um 48,6 m.kr. í árslok 2009 og gerir útkomuspá ráð fyrir að staðan verði neikvæð um 54,8 m.kr. í lok 2010. Ljóst er að veruleg óvissa er um rekstrarhæfi félagsins miðað við óbreytta stöðu, eins og endurskoðandi þess vakti strax athygli á sumarið 2009 í áritun sinni í ársreikning 2008. Þessa skoðun ítrekaði hann haustið 2010 í áritun sinni í ársreikning 2009 enda hafði staðan þá enn versnað. Náist ekki skjóttir samningar um rekstur félagsins og fjármögnun má jafnvel telja líklegt að það stefni í þrot á allra næstu mánuðum. Félagið á ekki efnislegar eignir upp í skuldirnar utan skrifstofubúnað, innréttingar, áhöld og tæki. Óvíst er um virði þeirra ef reksturinn leggst af.

Forsvarsmenn Orkuvarða telja reyndar mögulegt að snúa vörn í sókn og koma því svo fyrir að RES Orkuskóli verði sjálfbær árið 2015. Meginforsendur þess eru áframhaldandi fjárstuðningur núverandi hluthafa og íslenska ríkisins við skólann, samningar við lánardrottna um meðferð skulda og aukin innheimta skólagjalda. Þetta eru kjarnaþættir í rekstraráætlun framkvæmdastjóra skólans fyrir árin 2010–14. Einir og sér duga þeir þó ekki til nema viðurkenndir háskólar taki jafnframt faglega ábyrgð á því námi sem boðið er upp á.

3.2 REKSTRARÁÆTLUN 2010–14

Í rekstraráætlun Orkuvarða fyrir árin 2010–14 (frá 5. september 2010) er gert ráð fyrir samtals 64 m.kr. hallarekstri á árunum 2010–11, þ.e. 46,5 m.kr. fyrra árið og 17,5 m.kr. hið síðara. Þar með verði kaflaskil og er áætlað að félagið verði rekið með 15,3 m.kr. hagnaði árið 2012 sem aukist upp í 29 m.kr. árið 2014. Meðal helstu forsendna þessa viðsnúnings eru eftirfarandi:

- Hlutfé Orkuvarða verði aukið um 110 m.kr. á árunum 2010–12 til að draga úr lánsfjárbörf félagsins, þ.e. um 40 m.kr. árið 2010, 60 m.kr. árið 2011 og 10 m.kr. árið 2012. Þar af leggi Landsvirkjun árlega fram 10 m.kr. árin 2010–12, þ.e. samtals 30 m.kr.
- Með samningi við mennta- og menningarmálaráðuneyti verði tryggður 210 m.kr. fjárstuðningur ríkisins á tímabilinu 2011–14. Að auki fái Háskólinn á Akureyri 30 m.kr. á samningstímanum til að standa straum af samstarfinu við orkuskólann.
- Stóraukin innheimta skólagjalda vegi upp á móti því að þróunarstyrkur vegna pólskra nemenda fellur niður í árslok 2010.
- Áfram verði byggt á innlendum og erlendum styrkjum, m.a. árlegum 10 m.kr. styrk frá Landsvirkjun til meistaranema á vatnsaflsbraut á árunum 2010–12, þ.e. samtals 30 m.kr.
- Samið verði við Landsbankann um 55 m.kr. heimild (skuld) RES Orkuskóla hjá bankanum. Þar af breytist 20 m.kr. skuld í langtímalán og hugsanlega í nýtt hlutfé Landsbankans í Orkuvörðum.
- Hagrætt verði í rekstri, m.a. með nýjum samningum við birgja.

ÓVISSA UM REKSTRAR-
HÆFI FÉLAGSINS

FORSVARSMENN VIJLA
SNÚA VÖRN Í SÓKN

- Leitast verði við að fjölga nemendum með aukinni markaðssókn. Það hafi þó líka aukin útgjöld í för með sér.

RES ORKUSKÓLI ÓSKAR EFTIR 66 M.KR. ÁRLEGU RÍKISFRAMLAGI

Samkvæmt þessari áætlun er gert ráð fyrir að íslenska ríkið leggi RES Orkuskóla til a.m.k. 330 m.kr. á tímabilinu 2010–14 í einni eða annarri mynd,⁴ þ.e. að jafnaði 66 m.kr. á ári. Það svarar til 48,8% af áætluðum heildarkostnaði við rekstur RES Orkuskóla á tímabilinu að meðtöldum afskriftum og vaxtagjöldum. Gangi áætlunin eftir munu árlegar heildartekjur skólans minnka lítilsháttar milli ára 2010 og 2014, þ.e. úr 148 m.kr. í 146,6 m.kr. Meginbreytingin felst í því að árleg heildargjöld skólans, þ.e. bæði rekstrar- og fjármagnsliðir hans, lækki um 76,9 m.kr., þ.e. úr 196,6 m.kr. í 117,6 m.kr. Veigamesti þáttur í því sambandi er um 31,5 m.kr. lækkun á árlegum kostnaði vegna leiguhúsnæðis nemenda og um 29 m.kr. lækkun á öðrum árlegum kostnaði vegna nemenda. Nemendum er sjálfum ætlað að standa straum af þessum útgjöldum til viðbótar við skólagjöld.

RÍKISENDURSKOÐUN TELUR FORSENDUR RES ORKUSKÓLA ÓTRYGGAR

Þar sem forsendur allra þessara þátta eru um margt ótryggar, þ.e. taka mið af ákveðnum skilyrðum sem ekki er víst að verði að veruleika, þarf að mati Ríkisendurskoðunar að taka þeim með fyrirvara. Hér verður fjallað um hvern þátt áætlunarinnar fyrir sig.

HLUTAFJÁRAUKNING

Enn hefur ekki verið samið nema að mjög litlu leyti um áætlaða 110 m.kr. hlutafjáraukningu Orkuvarða á árunum 2010–12. Þar af er ráðgert að núverandi hluthafar leggi fram 80 m.kr. en nýir fjárfestar 30 m.kr. Af 40 m.kr. hlutafjáraukningu ársins 2010 hefur einungis Landsvirkjun lagt fram 10 m.kr. Ákvarðanir annarra hluthafa um samtals 30 m.kr. hlutafjáraukningu það ár ráðast af því hvort ríkissjóður gerir áður nefndan langtímasamning við Orkuvörður. Sömu skilyrði liggja að baki 20 m.kr. hlutafjáraukningu félagsins á árinu 2011. Þá er 10 m.kr. árleg hlutafjáraukning Landsvirkjunar á árunum 2011 og 2012 bundin því skilyrði að RES Orkuskóla hafi þótt takast vel til við þróun náms á vatnsaflsbraut á árunum 2009 og 2010. Að lokum skal þess getið að enn hafa engir nýir fjárfestar lýst áhuga sínum á 30 m.kr. kaupum í félaginu árið 2011. Að svo stöddu verður því að telja óvíst að áætlanir Orkuvarða um aukið hlutafé gangi eftir.

EKKI BÚIÐ AÐ SEMJA UM HLUTAFJÁR- AUKNINGU

SAMNINGUR VIÐ MENNTA- OG MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTI

Í rekstraráætlun sinni gera Orkuvörður ráð fyrir samtals 210 m.kr. fjárstuðningi ríkisins á tímabilinu 2011–14 samkvæmt sérstökum þróunarsamningi við mennta- og menningarmálaráðuneyti, þ.e. 30 m.kr. árið 2011 og 60 m.kr. árlega árin 2012–14. Að auki fái Háskólinn á Akureyri 30 m.kr. á samningstímanum til að mæta samstarfinu við RES Orkuskóla og til umhverfis- og orkufræða við skólann. Þróunarsamningur þessi liggur enn sem komið er einungis fyrir í drögum og hefur ráðuneytið ekki tekið þau til efnislegrar umfjöllunar. Óvíst er því hvort þau verði að veruleika.

ÓVÍST AÐ SAMNINGUR VERÐI AÐ VERULEIKA

Í samningsdrögunum er líka vikið að áframhaldandi stuðningi ríkisins við skólann eftir árið 2014, þ.e. í formi fjárframlaga vegna áætlaðs fjölda ársnemenda. Þar segir:

⁴ Inni í þeirri tölu er 30 m.kr. framlag Alþingis árið 2010.

*Að samningstíma loknum munu ráðuneytið og RES semja um greiðslur vegna áætl-
aðs fjölda og skiptingar ársnemenda eftir reikniflokkum og aðrar þær stærðir sem
lagðar verða til grundvallar útreikningum við árlega fjárlagagerð að fengnum upp-
lýsingum. Niðurstaðan yrði birt í frumvarpi til fjárlaga ár hvert ásamt áætlaðri
hámarksgreiðslu.*

Sé miðað við að nemendum RES Orkuskóla fækki ekki eftir 2014, þ.e. þeir verði 41 eins og áætlun fyrir árið 2014 gerir ráð fyrir, og greitt verði fyrir þrjár námsannir árlega fæli slíkur samningur í sér um 70 m.kr. árlega skuldbindingu íslenska ríkisins vegna nemendaígilda. Eðlilegt er að bæði fjárveitingarvald og mennta- og menningarmálaráðuneyti hafi þessa heildarmynd í huga ef ákveðið verður að ganga til samninga um áframbaldandi stuðning ríkisins við orkuskólann. Þar gengur hvorki að horfa einungis til eins árs í senn eða næstu fjögurra ára.

KOSTNAÐUR VEGNA NEMENDA OG SKÓLAGJÖLD

Í rekstraráætlun sinni gera Orkuvörður ráð fyrir stóraukinni innheimtu skólagjalda til að vega upp á móti því að tímabundinn þróunarstyrkur EFTA vegna pólskra nemenda fellur niður í árslok 2010. Hér er í raun gert ráð fyrir gjörbreytingu hvað þennan þátt varðar og hlýtur að ríkja veruleg óvissa um hvernig til tekst.

ÓVISSA UM TEKUR AF SKÓLAGJÖLDUM

Samkvæmt upplýsingum frá Orkuvörðum nema full skólagjöld við RES Orkuskóla 18.800 evrum á ári. Þetta samsvarar 2.914 þús.kr. ef miðað er við meðalgengi evru árið 2010 (155 kr.). Í kynningarskyni voru skólagjöld felld niður fyrsta skólaárið (2008) og innheimtust því engar tekjur vegna þeirra það ár (sbr. töflu 3.3). Árin 2009 og 2010 veitti skólinn síðan verulegan (50–100%) afslátt af skólagjöldum annarra nemenda en pólskra og greiddu þeir að meðaltali einungis um 243 þús.kr. fyrra árið, þ.e. rúmlega 8% af fullum skólagjöldum, en 767 þús.kr. hið síðara, þ.e. rúmlega 26% af fullum skólagjöldum. Vegna pólskra nemenda fékkst samkvæmt þróunarsamningi EFTA greitt 60% af fullum skólagjöldum, þ.e. að jafnaði 1.696 þús.kr. á nemanda árið 2009 og 1.748 þús.kr. árið 2010.

3.3 Skólagjöld 2008–11 (í þús.kr.)				
	2008	2009	2010*	2011**
FJÖLDI NEMENDA (ÞAR AF PÓLSKIR)	31	38 (13)	46 (27)	35
HEILDARKOSTNAÐUR ORKUSKÓLANS	162.252	215.591	194.541	123.218
SKÓLAGJÖLD ALLS	0	29.590	61.777	54.870
HLUTFALL AF HEILDARKOSTNAÐI	0%	13,7%	31,8%	44,5%
SKÓLAGJÖLD PÓLSKRA NEM.***	0	23.765	47.207	0
SKÓLAGJÖLD ANNARRA NEM.	0	5.825	14.570	54.870
MEDALTAL PÓLSKRA NEM.***	0	1.695,5	1.748,4	0
MEDALTAL ANNARRA NEM.	0	242,7	766,8	1.568

* ÚTKOMUSPÁ ÁRSINS 2010
 ** ÁÆTLUN 2011
 *** GREITT ER FYRIR 60% AF FULLUM SKÓLAGJÖLDUM PÓLSKRA NEMENDA

Eins og lesa má út úr töflunni námu greiðslur vegna pólskra nemenda 80,3% allra skólagjalda árið 2009 og 76,4% árið 2010. Þessar greiðslur munu eins og áður sagði falla niður árið 2011 og ekki er fyrir sjáanlegt að annar sambærilegur styrkur komi í staðinn. Í áætlun RES Orkuskóla er því gert ráð fyrir að nemendur standi sjálfir straum af skólagjöldum á komandi árum eða útvegi sér styrk til að mæta þeim. Sé tekið tillit til þess afsláttar (7.000 evra) sem skólinn hyggst veita af fullum skólagjöldum vegna næsta skólaárs og 10 m.kr. áframhaldandi styrks Landsvirkjunar til nemenda á vatnsaflsbraut skólans er nemendum því sjálfum ætlað að greiða að meðaltali 1.568 þús.kr. Það ár haldist meðalgengi evru óbreytt frá þessu ári (155 kr.). Þetta er rúmlega tvöföldun á skólagjöldum þeirra nemenda sem ekki nutu styrks samkvæmt þróunarsamningi EFTA. Jafnframt er nemendum ætlað að greiða að fullu leigugjöld vegna húsnæðis. Miðað við það hversu fáir nemendur hafa hingað til greitt sjálfir allan þann kostnað sem hlýst af náminu er eðlilegt að taka þessa áætlun skólans vegna komandi árs með miklum fyrirvara.

STYRKIR VIÐ RES ORKUSKÓLA

Í áætlunum Orkuvarða um áframhaldandi styrki við RES Orkuskóla er annars vegar gengið út frá samningi skólans við Landsvirkjun um 10 m.kr. árlegt framlag árin 2011–12 í formi styrks til meistaranema á vatnsaflsbraut. Framlag þetta er bundið því skilyrði að stjórn Landsvirkjunar telji að orkuskolanum hafi tekist vel til við námið. Hins vegar er gengið út frá áframhaldandi styrk úr Þróunarsjóði EFTA vegna svonefnds CERE-verkefnis (*Clean, Effectice and Renewable Energy*) sem lýtur að endurskipulagningu á framhaldsnámi í endurnýjanlegum orkufræðum í Póllandi. RES Orkuskóli hefur fengið um 10 m.kr. vegna þessa verkefnis árið 2010 og hefur verið unnið að framhaldsumsókn vegna næstu ára. Enn er þó ekki komin niðurstaða í það mál.

BANKALÁN

Staðfest hefur verið að innan Landsbankans sé í vinnslu beiðni Orkuvarða um að 55 m.kr. heimild (skuld) félagsins verði að hluta til (20 m.kr.) breytt í langtímalán sem gæti breyst í hlutafé þegar rekstrargrundvöllur félagsins er kominn í lag og félagið orðið sjálfbært með skólagjöldum eða styrkjum nemenda. Það sem milli ber (35 m.kr.) haldist áfram sem heimild sem greidd verði niður með ákveðnum hætti. Einnig hér er fyrirgreiðsla við félagið háð tilteknum skilyrðum, þ.e. að rekstrargrundvöllur þess komist í lag, sem óvíst er hvort og þá hvenær tekst að uppfylla.

STYRKIR HÁÐIR SKILYRÐUM

FYRIRGREIÐSLA HÁÐ SKILYRÐUM

4 FRAMTÍÐ RES ORKUSKÓLA

Eins og rakið hefur verið eru ýmsir óvissuþættir í rekstraráætlun RES Orkuskóla fyrir árin 2010–14. Þar vega tveir þættir þyngst: Annars vegar sá hvort íslenska ríkið ákveður að halda áfram fjárstuðningi sínum við skólann og gerast jafnvel nokkurs konar fjárhagsleg kjölfesta hans á komandi árum. Hins vegar sá hvort skólanum tekst að laða til sín nægilega marga nemendur sem geta sjálfir greitt full skólagjöld eða útvegað sér styrk til að standa straum af þeim. Þriðji þátturinn sem einnig skiptir sköpum fyrir framtíð orkuskólans er áhugi og geta Háskóla Íslands og Háskólans á Akureyri, sem verið hafa faglegir bakhjarlar hans, á að endurnýja samstarfs- og þjónustusamninga sína við hann. Ljóst er að allir þessir þættir þurfa að koma saman eigi skólinn að lifa af.

Að mati Ríkisendurskoðunar er afar mikilvægt að yfirvöld menntamála taki skjótar en um leið vel ígrundaðar ákvarðanir um framtíð RES Orkuskóla. Þar má í raun engan tíma missa. Fjárhagserfiðleikar hans eru þegar farnir að valda bæði núverandi nemendum hans og Þróunarsjóði EFTA áhyggjum, m.a. um það hvort áætlanir skólans um námsframvindu og brautskráningu standist. Þær áhyggjur virðast þó í meginatriðum óþarfar, enda hafa háskólarnir skuldbundið sig til að sjá til þess að innritaðir nemendur fái lokið námi sínu með eðlilegum hætti. Erfitt er hins vegar að sjá fyrir sér að skólinn geti að svo stöddu innritað nýja nemendur vegna næsta skólaárs sem á að hefjast í byrjun febrúar 2011.

Þegar stjórnvöld taka ákvörðun um það hvort og þá með hvaða hætti þau vilja styðja áframhaldandi rekstur RES Orkuskóla er eðlilegt að þau hugi m.a. að eftirfarandi atriðum: Í fyrsta lagi fjárhagsstöðu Orkuvarða, í öðru lagi áhuga og getu Háskóla Íslands og Háskólans á Akureyri til að halda áfram samstarfi við orkuskólann, í þriðja lagi kröfu stjórnvalda um endurskipulagningu og niðurskurð í ríkisfjármálum, líka innan háskóla og rannsóknarstofnana, og í fjórða lagi opinberri stefnu bæði mennta- og menningarmálaráðuneytis og Vísinda- og tækniráðs frá þessu ári um aukna samvinnu og hugsanlega sameiningu háskóla og stofnana.

Sé horft til allra þessara atriða telur Ríkisendurskoðun að íslenska ríkið eigi í raun og veru ekki nema um tvo kosti að velja þegar RES Orkuskóli er annars vegar:

1. Að hætta stuðningi við skólann sem þýddi líklega að starfsemi hans legðist af að loknu núverandi skólaári.
2. Að semja við Orkuvörður um að ríkið yfirtaki rekstur RES Orkuskóla og komi starfsemi hans í endurnýjanlegum orkufræðum fyrir innan Háskólans á Akureyri og/eða Háskóla Íslands, hugsanlega í samstarfi við aðra innlenda orkuskóla (Keili og REYST) og þau orkufyrirtæki sem eru hluthafar í Orkuvörðum.

ÓVISS FRAMTÍÐ

TAKA ÞARF SKJÓTAR EN VEL ÍGRUNDAÐAR ÁKVARÐANIR

TVEIR KOSTIR STJÓRNVALDA: AÐ HÆTTA STUÐNINGI EÐA SEMJA UM YFIRTÖKU

Verði síðarnefnda leiðin valin yrði það að gerast á forsendum ríkisháskólanna, þ.e. án skólagjalda og með samnýtingu núverandi starfsmanna og aðstöðu háskólanna. Þetta hefði væntanlega einnig í för með sér breytingu á kennsluháttum og afmörkun skólaárs. Vel kæmi hins vegar til greina að skólarnir nýttu sér námsefni, þekkingu og þau alþjóðleg sambönd sem starfsemi orkuskólans hefur leitt af sér, að svo miklu leyti sem það þykir heppilegt.

EKKI RAUNHÆFT AÐ SEMJA UM STUÐNING TIL EINS ÁRS Í SENN

Að mati Ríkisendurskoðunar er ekki raunhæft að semja við RES Orkuskóla um takmarkaðan stuðning til eins árs í senn þar sem slíkt myndi engan veginn eyða óvissunni um rekstur hans og sannfæra núverandi og væntanlega hluthafa, lánardrottna og hugsanlega styrkveitendur og nemendur um að skólinn eigi sér framtíðarvon. Ólíklegt er því að það dygði til að halda skólanum á floti. Í raun væri slíkur stuðningur líka til lítils nema háskólarnir breyttu jafnframt afstöðu sinni til áframhaldandi samstarfs við RES Orkuskóla.

EKKI MÆLT MEÐ LANG- TÍMASAMNINGI

Allir þessir þættir, ásamt óvissunni um fullborgandi nemendur á komandi árum, valda því sömuleiðis að vart er hægt að mæla með því að stjórnvöld geri langtímasamning við RES Orkuskóla um áframhaldandi þróun, uppbyggingu og nemendaígildi. Þá bendir margt til þess að skólinn sé tæpast hagkvæm rekstrareining í núverandi mynd sinni. Við núverandi aðstæður í ríkisfjármálum er erfitt að réttlæta að íslenska ríkið styðji við slíkan rekstur.